



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Heilbrigðisvísitala atvinnulífsins

Hægur bati á helstu sviðum efnahagslífsins

1. Af hverju heilbrigðisvísitala?

2. Samsetning vísitölunnar

3. Niðurstöður 2003-2012

4. Spá fyrir 2013-2014

Af hverju heilbrigðisvísitala?

Gefur einfalt, heildstætt yfirlit og eykur gagnsæi um þróun efnahagslífsins

1

Verðmætasköpun atvinnulífsins er **forsenda sjálfbærs hagvaxtar** og þar með aukinnar samkeppnishæfni og bættra lífskjara

2

Geta atvinnulífsins til verðmætasköpunar er **háð heilbrigði rekstrarumhverfi þess** sem ræðst af fjölmörgum þáttum

3

Vísitalan endurspeglar **undirliggjandi heilbrigði atvinnulífsins** á aðgengilegan og upplýsandi máta

1. Af hverju heilbrigðisvísitala?


2. Samsetning vísitölunnar

3. Niðurstöður 2003-2012

4. Spá fyrir 2013-2014

Vísitalan tekur tillit til helstu drifkrafta hagvaxtar


Skipting vægis undirvísitalna í heilbrigðisvísitölu atvinnulífsins



Fjárfesting og aukin framleiðni eru helstu drifkraftar hagvaxtar og hljóta þær undirvísitölur því mest vægi eða 50% samanlagt. Aðrar undirvísitölur hljóta hver um sig jafn vægi.

Vísitalan byggir á 6 þáttum með 18 undirliðum


Markmiðið er að undirliðir endurspegli helstu áhrifaþætti á getu atvinnulífsins til verðmætasköpunar



1. Af hverju heilbrigðisvísitala?
2. Samsetning vísitölunnar
- 3. Niðurstöður 2003-2012**
4. Spá fyrir 2013-2014

Heilbrigði atvinnulífsins hefur batnað síðustu þrjú ár en er enn talsvert lakara en var á árunum fyrir hrun

Heilbrigði atvinnulífsins hefur vaxið síðustu ár en er enn þónokkuð undir viðmiðunarárinu



- Miðað er við grunnárið 2003 enda almennt talið að hagkerfið hafi að mestu leyti verið í jafnvægi það ár
- Gefur til kynna hvort geta einkageirans til að skapa verðmæti sé að aukast eða dragast saman


Fjórir af sex þáttum vísitölunnar eru nokkuð lakari árið 2012 samanborið við grunnárið 2003

- Fjárfestingarumhverfið 
- Framleiðnigeta atvinnulífsins 
- Innra jafnvægi hagkerfisins 
- Ytra jafnvægi hagkerfisins 
- Gæði mannauðs 
- Áhrif opinberra umsvif 

Fjárfestingarumhverfi er verulega laskað og hefur lítið batnað


Drifkraftar fjárfestinga hafa lítið breyst frá 2008

Fjárfestingarumhverfið er töluvert lakara en árið 2003 einkum vegna samdráttar í sparnaði og erlendri fjárfestingu



- Fjárfestingarumhverfi var mun hagfelldara á Íslandi 2004 enda sparnaður mikill, opið fyrir beina erlenda fjárfestingu og bjartsýni gætti meðal stjórnenda
- Halla fór undan fæti ári næstu ár á eftir, fyrst um sinn einkum vegna minni sparnaðar en í kjölfar hruns drógust væntingar stjórnenda verulega saman

Brúun undirliða fjárfestingarumhverfis 2008-2012




- Frá 2008 hafa hömlur á erlenda fjárfestingu, skv. *FDI restrictiveness index* batnað lítilsháttar. Pólitísk óvissa á talsverðan þátt í lítilli beinni erlendri fjárfestingu.
- Gengið hefur á sparnað á Íslandi síðustu ár og þannig dregið úr því fjármagni sem til staðar er til fjárfestinga.
- Væntingar stjórnenda fyrirtækja voru hvað svartastar 2009 en eru á svipuðu róli í dag og 2008. Bjartsýni stjórnenda er ein af grunnforsendum þess að fjárfesting taki við sér.
- **Lykilaðgerðir stjórnvalda: Bætt umhverfi fyrir erlendar fjárfestingar, auknir hvatar til sparnaðar og aukinn fyrirsjáanleiki í rekstrarumhverfi fyrirtækja**

Framleiðnivísitala hefur hækkað nokkuð vegna aukins útflutnings


Aukinn opnanleiki og aukning í styrkjum til R&P styðja við framleiðni

Aukinn opnanleiki ætti að stuðla að bættri framleiðni getu einkageirans



- Litlar breytinga urðu á helstu þáttum framleiðnivísitölu fram að hruni, en aukinn hlutfallslegur útflutningur leiddi til töluverðs stökks árið 2009
- Takmarmaðar breytingar hafa átt sér stað síðan
- Niðurstöður nýlegra greininga, t.a.m. McKinsey skýrslunnar, gefa til kynna að Ísland sé enn tiltölulega lokað m.v. stærð

Þróun undirliða framleiðnumhverfis 2008-2012




- Styrkir til rannsókna og þróunarstarfs jukust nokkuð eftir hrun, sem hlutfall af VLF, en flest bendir til að sú þróun muni frekar snúa við á næstu árum
- Opnanleiki jókst töluvert eftir fall krónunnar og studdi þannig við útflutning, einkum í ferðapjónustu
- Spilling á mælikvarða *Transparency International* hefur staðið í stað frá 2008 en er nokkuð lakari en 2003
- **Lykilaðgerðir stjórnvalda: Stuðla að auknum opnanleika með afnámi viðskiptahindrana og umbótum í starfsumhverfi alþjóðgeirans. Sterkari hvatar til rannsóknar- og þróunarstarfs væru einnig gagnlegir**

Gæði mannauðs hafa tekið miklum breytingum

Horfur eru þó talsvert ólíkar eftir undirliðum

Aukinn fjöldi útskrifaðra háskólanema drifa aukin gæði íslensks mannauðs en áhrif þess falla til yfir lengra tímabil



- Nokkrar sveiflur hafa verið í þróun á drifkröftum gæða mannauðs, en þróunin var jákvæð fram til 2007
- 2009 tók vísitalan dýfu sem rekja má til minni fjárframlaga til háskólasamfélagsins samhliða samdrætti í fjölda útskrifaðra úr háskóla
- Heilt yfir hefur þróunin verið jákvæð yfir tímabilið

Þróun undirliða gæði mannauðs 2008-2012




- Atvinnuþátttaka tók takmörkuðum breytingum og tækifæri til umbóta af skorum skammti, enda er hún meðal þess hæsta sem þekktist í heiminum
- Fjöldi útskrifaðra úr háskóla hefur aukist nokkuð frá 2008 m.a. sökum mikils atvinnuleysis. Þetta hefur skilað sér í fjölgun útskrifaðra
- Fjármagn háskóla hefur dregist töluvert saman frá 2008, mælt sem fjármagn á hvern nemanda (ársígildi).
- **Lykilaðgerðir stjórnvalda: Auka þarf fjármagn til ráðstöfunar fyrir háskóla, annað hvort með auknum framlögum eða breikkun tekjustofna**

Áhrif opinberra umsvifa eru meiri en fyrir rúmum áratug


Mikil fækkun starfamanna einkageirans vandmál

Umfang hins opinbera er enn of mikið miðað við það sem heppilegt getur talist



- Töluvert dró úr hlutfallslegum áhrifum opinberra umsvifa fram til 2007
- Í kjölfar efnahagshrunsins þá jukust þau nokkuð, einkum vegna samdráttar í einkageiranum og umfangsmikils halla í opinberum rekstri
- Hlutfall opinberra starfsmanna hefur hækkað yfir tímabilið

Þróun undirliða opinberra umsvifa 2008-2012




- Stuðningsstuðull atvinnulífsins hefur þróast til hins verra frá 2008 en töluverðar uppsagnir voru í einkageiranum á sama tíma og fjöldi opinberra starfsmanna tók litlum breytingum.
- Hlutfallsleg samneysla hefur ekki tekið miklum breytingum yfir tímabilið
- Frá 2008 hefur heildarjöfnuður þróast frá því að vera neikvæður um ríflega 10% af vergri landsframleiðslu í að verða neikvæður uppá 2-3%.
- **Lykilaðgerðir stjórnvalda: Samhliða bættum skilyrðum innan einkageirans er mikilvægt að stjórnvöld sæti færnis og dragi úr hlutfallslegum fjölda opinberra starfsmanna**

Innra jafnvægi hefur batnað umtalsvert frá hruni

Innlendar skuldir standa í vegi fyrir frekari bata

Skuldsetning einkageirans og viðvarandi verðbólga draga úr innra jafnvægi



- Innra jafnvægi hefur dalað frá upphafi vísitölunnar og byrjaði því að versna talsvert fyrir hrun
- Aukin skuldsetning, hærra vaxtastig og verðbólga áttu öll sinn þátt í þróuninni fram til 2008.
- Viðsnúningur 2010 skýrist helst af lægri verðbólgu og vaxtastigi

Þróun undirliða innra jafnvægis 2008-2012




- Vextir hafa lækkað töluvert frá 2008 og eru á svipuðu röli og við upphaf vísitölunnar.
- Þrátt fyrir að verðbólga hafi lengi verið há, og sé enn há í alþjóðlegum samanburði, hefur hún lækkað frá 2008
- Innlendar skuldir hafa lækkað lítillega frá 2008 og þá helst hjá fyrirtækjum, en eru þó enn háar í sögulegu samhengi. Innlendar skuldir heimila hafa tekið litlum breytingum á meðan skuldir hins opinbera hafa aukist á tímabilinu.
- **Lykilaðgerðir stjórnvalda: Framlag stjórnvalda til komandi kjarasamninga skiptir sköpum um þróun innra jafnvægis**

Eftir langvarandi neikvæða þróun er ytra jafnvægi að leita í rétta átt

Hagstæðari viðskiptakjör og lægri skuldastaða nauðsynleg

Erlend skuldsetning og mikill viðskiptahalli akkilesarhæll ytra jafnvægis



- Sömu sögu má segja um ytra jafnvægi og það innra, þar sem halla fór undan fæti strax frá upphafi vísitölunnar.
- Viðsnúningur varð ekki fyrr en 2010 og hefur talsverður bati náðst síðan þá, einkum vegna lægri erlendra skuldastöðu.

Þróun undirliða ytra jafnvægis 2008-2012




- Viðskiptakjör eru nokkru lakari nú en 2008 og fara versnandi. Þar ræður einkum lágt verð sjávarafurða og áls á heimsmarkaði
- Skuldatryggingaálagið er enn hátt samanborið við upphaf vísitölunnar en hefur batnað töluvert síðustu ár.
- Erlendar skuldir eru enn mjög háar en hafa lækkað töluvert frá 2008, einkum hjá fyrirtækjum og heimilum. Slíkt má m.a. rekja til dóma tengdum gengislánunum
- **Lykilaðgerðir stjórnvalda: Trúverðug efnahagsstefna og markvíst samtál við erlenda hagsmunaaðila samhliða niðurgreiðslu erlendra skulda**

1. Af hverju heilbrigðisvísitala?
2. Samsetning vísitölnunnar
3. Niðurstöður 2003-2012
- 4. Spá fyrir 2013-2014**

Útlit fyrir hægjan bata á vísitölunni á næstu tveimur árum

Halda þarf vel á spöðunum til að forðast bakslag

Viðmiðunarspá gerir ráð fyrir ríflega 2% hagvexti á næsta ári



	2013	2014
Björt spá	3,3%	3,2%
Mið spá	2,2%	2,2%
Svartsýnis spá	1,2%	1,1%


- Heilbrigðisvísitala atvinnulífsins hefur verið framreiknuð miðað við spá Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneytisins og annarra aðila á þeim mælikvörðum sem liggja vísitölunni til grundvallar
- Gangi þessar áætlanir eftir gefur vísitalan til kynna að atvinnulífið ætti að vera í stakk búið að styðja við ríflega 2% raunhagvöxt í ár og 2014.

- Hagstæðara ytra jafnvægi og minni opinber umsvif drífa hækkun heilbrigðisvísitölunnar milli 2012-2013 en 2013-2014 eru það bætt fjárfestingarumhverfi og minni opinber umsvif sem draga vagninn.
- Ljóst er að ýmsar forsendur geta þróast til betri eða verri vegar. Miðað við hófleg frávik spáaðila er ólíklegt að hagvöxtur verði lægri en 1% eða hærri en 3,5%

Þróun heilbrigðisvísitölunnar og hagvaxtar

Heilbrigði atvinnulífsins er mikilvægur drifkraftur hagvaxtar

Þróun vísitölunnar hefur að mestu leyti rímað við hagsveifluna með undantekningu 2011



- Heilbrigðisvísitala atvinnulífsins var ekki búin til sem hagvaxtarlíkan en sýnir engu að síður sterkt samband við þróun hagvaxtar
- Í grófum dráttum hefur heilbrigðisvísitalan leitt hagvöxt um eitt ár, þá sérstaklega ef horft er til þess viðsnúnings sem átti sér stað 2009
- Helsta undantekningin er árið 2011, en mikil aukning í einkaneyslu og einkisþis fjárfesting í skipum og flugvélum er helsti orsakavaldur þess

Þróun heilbrigðisvísitölunnar byggir á spágerð ýmissa aðila

1 Seðlabankinn

- Framvirkir vextir
- Verðbólga
- Viðskiptakjör
- Sparnaður
- Samneysla

2 Fjármálaráðuneyti

- Fjárframlag til háskóla
- Framlag til rannsókn- og þróunarstarfs
- Opinber fjármál

3 Aðrir aðilar

- Horfur í efnahagsmálum
- Fjöldi útskrifaðra úr háskóla



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE



Sameiginlegur vettvangur íslensks viðskiptalífs